

Fyrirspurn Ásgerðar Jónu Flosadóttur varaborgarfulltrúa Flokk fólksins í Skipulags- og samgönguráði Reykjavíkurborgar um lagastoð eða reglur um innviða og byggingarréttargjaldgjald í Reykjavík.

Innviðagjald er eitt gjalda sem Reykjavíkurborg innheimtir. Þetta gjald á mér vitanlega sér ekki stoð í lögum eða reglum og óljóst er hver tilgangur þess er. Skýr sýn þarf að vera á tilgang gjalda eins og Innviðagjalds, þ.e. til hvaða verkefna á gjaldið að fara. Eygló Harðardóttir fv ráðherra spurði Samgöngu og sveitarstjórnarráðherra um gjaldið og er svar hans svohljóðandi:

„Svar samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Eygló Harðardóttur um innviða- og byggingarréttargjald.

1. Á hvaða lagaákvæðum byggist heimild Reykjavíkurborgar til að leggja á svokallað innviðagjald og byggingarréttargjald?

2. Í hvaða tilvikum eru þessi gjöld lögð á, hvernig er fjárhæð gjaldanna ákveðin og hvaða kostnaði er þessum gjöldum ætlað að mæta?

Upplýsinga var aflað hjá Reykjavíkurborg um þau gjöld sem vísað er til og svar barst með bréfi frá borgarlögmanni, dags. 9. febrúar 2017. Þar kemur fram að um sé að ræða annars vegar greiðslu lóðarhafa fyrir byggingarrétt og hins vegar þátttöku lóðarhafa í innviðagerð í ákveðnum tilvikum. Innheimta þessa endurgjalds byggist ekki á sérstakri lagaheimild heldur á frjálsum einkaréttarlegum samningum Reykjavíkurborgar sem landeiganda og þeirra sem fá úthlutað byggingarlóðum.“

Gatnagerðargjald er innheimt og á sér stoð í lögum. Ljóst er til hvaða verkefna sá tekjustofn er ætlaður. Honum er ætlað að byggja meðal annars götur og gangstéttir, sem eru innviðir.

Hvers vegna ætti að rukka oftár en einu sinni fyrir slíka innviði?

Hvað gerist ef aðili í svokölluðum frjálsum einkaréttarlegum samningum við Reykjavíkurborg neita að greiða gjald sem ekki á sér stoð í lögum og á sér ekki skýran tilgang, neitar greiðslu? Er raunin þá sú að málin eru ekki tekin fyrir, eða ekki afgreidd, eða hvort tveggja? Þetta býður upp á hættu á spillingu þar sem upphæðin er ákveðin í hverju tilfalli í anda „frjálsra einkaréttarlegra samninga“ og er þannig brotið á jafnræði í samskiptum einkaaðila við opinbera aðila. Þetta skapar algert ógagnsæi í ljósi þess að gjöldin eru ekki samræmd og gjaldskrá liggur ekki fyrir. Þekkt er að Innviðagjaldið hefur tafið verkefni og skilar sér beina leið út í verðlagið.

Eru líkur á því að aðilar hafi litið svo á að mál þeirra hefðu ekki fengið brautargengi nema með því að fallast á þessi gjöld?

Meðfylgjandi eru nokkur skjöl til glöggvunar. Hagsmunir borgarinnar eru verulegir á því að uppbygging gangi eftir á t.d. eins og á Heklureitnum við Laugaveg og nema tekjur borgarinnar af svæðinu í dag um 45 milljónum króna á ári, en verða eftir uppbyggingu allt að 576 milljónir á ári (miðað er við meðalútsvar og meðalfjölda íbúa í hverri íbúð). Efnist þetta verkefni munu tekjur borgarinnar af Heklureitnum aukast um það bil 13-falt á hverju ári. Í þessu tilliti er ekki tillit tekið til fasteignagjalda, gatnagerðargjalda eða greiðslu úthlutunargjalds fyrir lóð Suður Mjóddar. Er gert virðismat á verkefnum við ákvörðunartöku verkefna í borginni, þ.e. að verkefni sem

eru stórkostlega hagkvæm borginni fái fókus og framgang og styrki þannig tekjustraum borgarinnar?

Ef tafirnar sem eru að efnast í þessu máli vegna ýmiskonar æfinga í kring um innviðagjöld og aðra fjárhagslega þætti sem minna máli skipta, kosta borgina vel á þriðju milljón króna á hverjum vinnudegi ef tekið er tillit til tekjumöguleika borgarinnar með nýju skipulagi á Heklureit, eða 576 milljónir á ári hverju sem málin tefjast.

Menn hafa ekkert á móti félagslegum íbúðum í þessu verkefni, en finnst óviðeigandi að þetta verkefni niðurgreiði þær í ljósi þess að vitað er að Félagsbústaðir hf kaupa íbúðir á markaðsverði og enn meira finnst mér óviðeigandi að horfa upp á stjórnlausan kostnað við verkefni á borð við braggann í Nauthólsvík og Hlemm Mathús, en aukakostnaðurinn (ámk. 600 milljónir+)sem þar er að efnast hefði dugað fyrir stofngjaldi yfir 200 íbúða. Útreikningurinn er:

Kaupverð pr. m² er kr. 400.000

Ríkið greiðir 18% og Borgin greiðir 12% af kostnaði við félagslegar íbúðir og er hlutur Borgarinnar því kr. 48.000 pr. m² sem deilst í áðurnefndar 600 milljónir sem hafa að lágmarki farið í þessu verkefni og fæst þá stofnframlag fyrir 12.500 m², sem ætla má að séu ígildi yfir 200 60m² íbúða.

Virðingarfyllst,
Ásgerður Jóna Flosadóttir,
varaborgarfulltrúi Flokks fólksins.